

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík 7. júní 2018.


Efni: Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, 622. mál

Efling-stéttarfélag fagnar því að frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga sé komið fram og sæti nú þinglegrar meðferðar. Þó vill stéttarfélagið hvetja Alþingi til þess að nýta heimildina í 88. gr. almennu persónuverndarreglugerðinnar (GDPR) til þess að setja lög um persónuvernd á vinnustöðum í framhaldi af umræddri lagasetningu.

Fjöldi fyrirspurna og mála hafa borist stéttarfélaginu um t.d. vímuefnaprufur á starfsfólki. Í dag eru engin sértæk lög sem gilda um slíkar prufur, sem þýðir að réttarvernd starfsfólks hefur því miður verið bág á þessu sviði. Einnig hefur ríkt nokkur óvissa í sambandi við meðferð á slíkum málum, t.a.m. um almennt lögmæti vímuefnaprufa á starfsfólki, hver eigi að framkvæma prufuna og úrvinnslu upplýsinga úr henni og hvort að starfsmanni sé veittur andmælaréttur og tækifæri til þess að koma skýringum á framfæri þegar niðurstaða prufunnar liggur fyrir. Þá hefur neitun starfsmanns að undirgangast vímuefnapróf í ýmsum tilvikum leitt til uppsagnar. Því er nauðsynlegt að taka tillit til aðstöðumunar milli atvinnurekanda annars vegar og starfsmanns hins vegar og í því sambandi er vert að velta fyrir sér gildi samþykkis einu og sér sem heimild fyrir vímuefnaprófi á starfsmanni.

Í þessu skyni má nefna að Finnar hafa farið þá leið að setja lög um einkalífsvæðing á vinnumarkaðnum (*s. Lag om integritetsskydd i arbetslivet 759/2004*). Þau lög fjalla m.a. um vinnslu upplýsinga um neyslu lyfja og hvenær megi óska eftir upplýsingum um lyfjaneyslu umsækjanda um starf eða starfsmanns, hver standi straum af kostnaði af vottorðum um slíkar upplýsingar auk annarra skilyrða til töku persónuleika- og hæfnisprófa, svo nokkur atriði séu nefnd. Þá koma fram ákvæði í lögum um rafræna vöktun, en reglur um rafræna vöktun eru þegar í núgildandi lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga hérlendis sem og reglum nr. 837/2006, um rafræna vöktun og meðferð persónuupplýsinga sem til verða við rafræna vöktun.

Efling-stéttarfélag ítrekar hvatningu sína til setningu laga um persónuvernd á vinnustöðum í samráði við aðila vinnumarkaðarins enda telur félagið að það yrði starfsfólki verulega til hagsbóta og myndi skýra þá réttaróvissu sem ríkir á þessu sviði.

Virðingarfyllst,

Leifur V. Gunnarsson,
Lögfræðingur hjá Eflingu-stéttarfélagi.
leifur@efling.is / s. 510 7500